

Alþingi
Erindi nr. P/30/236/
komudagur 6.5.2004

Umsögn um fjölmiðlafrumvarpið

Inn á borð mitt var að berast frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum með beiðni um umsögn eigi síðar en 7 maí 2004, þeas á morgun. Athygli er vakin á því að umsögnin verði birt opinberlega. Þetta er bók upp á 116 síður.

RSÍ hefur sent frá sér ályktun um þetta mál, þar sem því er beint til stjórnvalda að þarna sé á ferðinni mál sem þurfi að skoða vel og taka á því af yfirvegum. Við búum í fámennu málsamfélagi og erum lítil þjóð. Tryggja þarf að málfrelsi og tjáningarfrelsi verði ekki skert. En þau rök sem stjórnvöld hafa sett helst fram virðast beinast að því að óþægilegar greinar og málflutningur hafi birst í þeim fjölmiðlum sem frumvarpinu er beint gegn. Umræður í Alþingi snúast svo um hverjir séu með eða móti Baugi, mál sem skiptir nákvæmlega engu í þessu samhengi. RSÍ hefur sagt að það sé full ástæða til þess aðhuga vel að því að settar séu leikreglur um fjölmiðla og setur sig alls ekki gegn því. En það þurfi að gera að vel íhuguðu máli. Þar gildir ekki síst endurskoðun á pólitísku valdi á RÚV. Rafiðnaðarsambandið getur ekki liðið að offors stjórnvalda setji atvinnu og heimili fjölda félagsmanna okkar í upplausnarstöðu.

Það er á grundvelli þessarar ályktunar og sjónarmiða sambandstjórnar RSÍ, að ég mun ekki taka þátt í því að skella saman einhverri umsögn, sem svo gæti hæglega ekki verið nægilega ígrunduð. Rafiðnaðarmenn vilja eins og áður hefur komið fram yfirvegaða umræðu um þetta og við erum tilbúnir til þess að taka þátt í þeirri umræðu. Þó ég sé formaður Rafiðnaðarsambandsins, þá hef ég t.d. enga möguleika að setja fram umsögn um þessa 116 síðna bók í nafni RSÍ, til þess þarf ég að kalla saman miðstjórn sambandsins. Sú ályktun sem send var frá sambandinu um þetta mál var afgreidd af 40 manna sambandstjórnarfundi. Sama gildir um aðrar ályktanir eða umsagnir sem viðsendum frá okkur þær fá félagslega afgreiðslu.

Ég hef sagt það opinberlega að við í verkalýðshreyfingunni höfum orðið fyrir því að mál hafi verið afgreidd af stjórnvöldum á þeim forsendum, að haft hafi verið samráð við verkalýðshreyfinguna. Það eru því töluverðar líkur á því að þessi sending frumvarpsins til okkar með beiðni um umsögn eftir nokkrar klst. kalli yfir okkur þau ummæli stjórnvalda, að umrædd lög verði svo afgreidd með yfirlýsingu ráðherra að haft hafi verið samráð við verkalýðshreyfinguna þar á meðal Rafiðnaðarsambandið.

Reykjavík 6. maí kl. 17.40 2004.
Virðingarfyllt
Fh Rafiðnaðarsambands Íslands
Guðmundur Gunnarsson